

sem vixilmál, og var það rétt að málinu var vísað frá bæjarþinginu, og með því að fallist verður á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Jes Zimsen fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í liquidation greiði stefnda Þórði Bjarnasyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 27. nóvember 1916.

Nr. 35/1916.

Páll Jónsson

f. h. skiftaréttar Árnæssýslu

gegn

Oddi Gíslasyni

f. h. Páls Jónssonar frá Seljatungu.

D ó m u r :

Hinn 29. marz 1915 var fógataréttur Árnæssýslu settur að Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi til þess

samkvæmt kröfu Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns að leggja löghald á eignir Jóns Erlendssonar bónda þar til tryggingar sjálfskuldarábyrgð, að upphæð 3200 kr., samkvæmt skuldabréfi útgefnu 19. marz 1914 af Sigurði nokkrum Þórarinssyni til Jóns Magnússonar í Gaulverjabæ. Við gerð þessa neitaði gerðarþoli að hann ætti nokkrar eignir, með því að hann haustið 1914 hefði selt alt bú sitt, en verðinu hefði hann eytt. Meðal annars skýrði hann frá, að hann nefnt haust hefði selt Páli syni sínum eftirnefnda muni: 300 hesta útheys, heyhlöðu heima, 3 heyhlöður og 4 fjárhús, skemmu og 5 útihús, 4 kýr, 1 kvígu, 1 vetrung, 30 kindur fullorðnar, 20 lömb, 6 hesta á ýmsum aldri, 3 hryssur, 30 hesta reipi, 1 skilvindu, 1 klukku, 1 saumavél, ýmsa innanstokksmuni, 3 hrúta, vagn með aktýgum og oliulampa fyrir alls 3015 kr. Kvaðst hann hafa fengið alt kaupverðið greitt, en hann hefði eytt því öllu.

Nokkru eftir gerð þessa, 4. aprílmán., andaðist Jón Erlendsson. Var búið síðan tekið til þrotabúsmeðferðar og innköllun gefin út til skuldheimtumanna í september f. á. með 6 mánaða fyrirvara. Hinn 12. október var því næst auglýstur skiftafundur í búinu 11. nóvember. Á fundi þessum mætti áfrýjandi Páll Jónsson fyrir hönd eins skuldheimtumanns í búinu, og virðist hafa gert kröfu í búið fyrir 3200 kr. samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi 19. marz 1914, og krafðist hann þess að búið léti höfða mál til riftingar og ógildingu á sölu Jóns heitins Erlendssonar til Páls sonar hans, sem um er getið. Skiftafundurinn



samþykkti þetta og fól áfrýjanda að fara með málið fyrir búsinns hönd.

Mál það er áfrýjandi höfðaði samkvæmt umboði þessu gegn Páli syni Jóns Erlendssonar var eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur, og gerði áfrýjandi þær kröfur fyrir gestaréttinum að framannefnd sala Jóns Erlendssonar til Páls sonar hans yrði dæmd ógild og hann dæmdur til að skila aftur hinum seldu munum eða greiða verð hinna dauðu muna eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna og verð hins lifandi penings eftir gangverði hans á stefnudegi 16. nóvbr. 1915, svo og að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 22. maí þ. á., lauk máli þessu svo, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, og hann dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað. Svo var áfrýjandi Páll Jónsson dæmdur til að greiða 50 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækra sjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt.

Dómi þessum hefir áfrýjandi, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. skiftaréttar Árnæssýslu skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. júní þ. á., og hefir hann stefnt umboðsmanni Páls Jónssonar frá Seljatungu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni; hefir hann gert þær kröfur fyrir réttinum að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, málskostnaðar- og sektarákvæði gestaréttardómsins úr gildi felt og stefndi dæmdur til að

greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skað-  
lausu.

Stefndi Oddur Gíslason f. h. Páls Jónssonar hefir  
hinsvegar krafist þess að hinn áfrýjandi dómur verði stað-  
festur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostn-  
að fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um riftingu á umget-  
inni sölu Jóns heitins Erlendssonar til Páls sonar  
hans á 30. gr. í lögum um gjaldþrotaskifti 13. apríl  
1894, sbr. N. L. 5—13—44, 2. málsg. Heldur hann  
því fram, að umgetin sala hafi eingöngu verið gerð  
í því skyni að halla rétti skuldheimtumanna, og  
virðist hann bera brögður á það, að Páll hafi greitt  
föður sínum hið ákveðna söluverð munanna.

Stefndi hefir hins vegar mótmælt riftingarkröfu  
áfrýjanda, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það  
sé að svo stöddu óséð, hvort dánarbú Jóns Erlends-  
sonar eigi ekki fyrir skuldum, og þegar af þessari  
ástæðu geti riftingarkrafa áfrýjanda ekki komið til  
greina. Þetta byggir hann á því, að búíð hafi höfðað  
mál þetta áður en innköllunarfresturinn í búinu hafi  
verið liðinn og þar af leiðandi áður en tækifæri hafi  
verið til þess að rannsaka kröfur þær, er gerðar kynnu  
að verða í búíð. Hann neitar því að krafa sú, er  
áfrýjandi Páll Jónsson hefir lýst í búíð og byggð er  
á umgetnu skuldabréfi 19. marz 1914 og gefið hefir  
tilefni til að riftingarmál þetta var höfðað, sé rétt  
eða bindandi fyrir búíð, með því að Jón heitinn Er-  
lendsson hafi eindregið neitað því að hafa ritað nafn  
sitt sem sjálfskuldarábyrgðarmaður á nefnt skulda-  
bréf, og þess utan heldur hann því fram, að um



mjög lítið af öðrum skuldakröfum í búið sé að ræða, og það allsendis óvíst hvort þær verði viðurkendar eða teknar til greina.

Þar sem ekki liggur fyrir í málinu greinargerð fyrir því, að skuld sú, er mál þetta er risið af, hafi verið viðurkend af búinu og yfirleitt ekki upplýsingar um, að neinar aðrar skuldir hafi verið viðurkendar, þá er það gegn framannefndum mótmælum stefnda ekki sannað að búið, þótt eignarlitið sé, eigi ekki fyrir skuldum, en eins og mál þetta liggur fyrir, verður enginn dómur á það lagður, hvort skuldakrafa sú, er áfrýjandi hefir lýst í búið, er rétt eða bindandi fyrir það. Þar sem það samkvæmt hinni tilvitnuðu grein gjaldprotaskiftalaganna er skilyrði fyrir riftingu á sölugerningi þeim, er hér ræðir um, að búið geti ekki borgað skuldir sínar, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýanda, og er þá ekki ástæða til að rannsaka aðrar varnarástæður stefnda.

Af þessari ástæðu verður að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins um aðalefni málsins. Hin ídæmda sekt þykir nægilega há 20 kr., og renni hún að helmingi í landssjóð og að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur. Málskostnaður þykir rétt að falli niður fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Oddur Gíslason, fyrir hönd Páls Jónssonar frá Seljatungu, á að vera sýkn af kærur og kröfum áfrýjanda Páls Jónssonar, fyrir hönd

skiftaréttar Árnassýslu í máli þessu. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Áfrýjandi, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, greiði sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 11. desember 1916.

Nr. 55/1916.

Þórður Bjarnason

gegn

Jes Zimsen fyrir hönd  
h. f. P. J. Thorsteins-  
son & Co. í likvidation.

#### D ó m u r :

Mál þetta var í héraði dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 15. júní þ. á. með þeim úrslitum, að svo framfarlega sem áfrýjandi Þórður Bjarnason umboðssali eftir löglegan undirbúning ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi verið ráðinn hjá Godthaabs-verzlun með árs uppsagnarfresti, skyldi stefndi Jes Zimsen kaupmaður fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í likvidation, greiða honum 1500 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1915 til borgunardags. En treysti áfrýjandi sér eigi til að